

# Skólaping, umræðuhópar

*-Niðurstöður-*

Í þessu skjali má finna niðurstöður umræðuhópa á skólapingi Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið var 4. nóvember 2011. Alls voru 24 umræðuhópar með um tíu einstaklinga í hverjum hóp. Hóparnir hófu störf að loknum fyrirlestrum um aðalnámskránnar og verkefni þeirra var að fjalla um innleiðingu aðalnámskránna og hvaða tækifæri liggja í þeim. Var þeim til mælum beint til umræðustjórnanna að beina umræðunni frekar inn á þau tækifæri sem felast í aðalnámskránum og hvaða leiðir væru sniðugt að fara í innleiðingarferlinu.

Hópastarf skólapingis sambandsins heppnaðist vel að mati þátttakenda en um 76,5% þátttakenda á skólapinginu voru ánægðir með störf umræðuhópanna og einungis 1,8% þátttakenda voru óánægðir. Aðrir voru ánægðir að hluta til eða tóku ekki þátt í umræðunum.

Nánast allir hóparnir lýstu yfir ánægju með aðalnámskránnar og tóku fram að þær væru með áherslur sem að flestir telja að séu góðar og til framfara. Megin niðurstaða umræðuhópanna var að nýju aðalnámskránnar væru góð hvatning um þjóðaráttak í grunnmenntun en að þær krefðu skólana um umtalsverðar breytingar á starfi sínu og slíkt ferli er aldrei einfalt og auðvelt. Annað sem var áberandi í umræðunni var að nú er búið að móta stefnuna en öll raunveruleg vinna er eftir. Hér á eftir verið fjallað betur um þær hugmyndir sem komu fram á þinginu um það hvernig hægt sé að innleiða nýjar aðalnámskrár.

## 1. Innleiðing og undirbúningur

*Fá fleiri aðila að innleiðingunni*

Til að innleiðingin heppnist vel er mikilvægt að gera sérstakt áttak til að gefa starfsfólki tækifæri og tíma til að kynna sér aðalnámskrána og ræða saman um hana. Með því geta stjórnendur líka fullvissað sig um að allir kennarar lesi aðalnámskrána.

Mikilvægt er að rýnivinna eigi sér stað í sveitarfélögum með þátttöku skóla, sveitarstjórnarmanna, foreldra og jafnvel nemenda. Voru menn almennt sammála um að mikilvægt væri að samfélagið tæki allt þátt í umræðu um innleiðinguna hvort sem um var að ræða kennara, sveitarstjórnarmenn, foreldra eða nemendur. Var nokkuð rætt um íbúðing í því samhengi og velt fyrir sér samvinnu við foreldra þar sem fram kom að í leikskólum eru foreldrar með nemendum en svo er þeim haldið frá í grunnskólum. Þannig væri einnig hægt að kynna fyrir foreldrum þann möguleika að hafa áhrif og hvetja þá til þess að gera kröfu um að fá þá þjónustu sem lög og aðalnámskrár kveða á um. Kynningar fyrir almenning þyrftu að vera stuttar en fjölbreyttar og á sama tíma þyrftu að tengja fjölmiðla í verkefnið og fá þá til að taka þátt í kynningu á þessari nýju hugsun.

Innan skólanna þyrftu að ræða grunnþættina sex innan allra skólastiga og fá þannig fram sameiginlega sýn og skilning á þeim. Gott gæti verið að skipta vinnunni á milli starfsmanna og kortleggja svo hvar hver skóli er staddur með tilliti til grunnþáttanna og vinna svo út frá því sem er til staðar á hverjum stað fyrir sig. Hugsanlega væri hægt að

vera með samvinnu á milli sveitarfélaga ef vilji er til. Hver skóli gæti þá t.d. kynnt hvað verið er að vinna í skólanum tengt grunnþáttunum og miðla þannig góðum verkefnum áfram.

Við innleiðinguna væri gott að nýta skipulagsdaga til að ræða og ígrunda námskránnar en í leikskólunum þyrfti að fjölga slíkum skipulagsdögum. Einnig þyrftu sveitarfélögin í heild að standa þétt við bakið á stjórnendum þar sem mikil ábyrgð er lögð á herðar þeirra.

### *Tími og kostnaður*

Í ljósi þeirrar vinnu sem hver skóli þarf að fara í gegnum í innleiðingunni er líklegt að töluverður kostnaður leggist á sveitarfélögin. Helsta ástæða kostnaðarinnar er sú að kennarar og aðrir geta ekki unnið alla þessa vinnu innan starfstíma síns og því þarf að greiða sérstaklega fyrir þá vinnu. Að auki fer mikill tími í þessa vinnu og innan t.d. leikskólans þar sem starfsdagar eru mun færri en í grunnskóla, má gera ráð fyrir því að ekki náist að vinna alla þessa undirbúningsvinnu innan vinnurammans. Því er mikilvægt að sveitarfélögin komi til móts við starfsmennina.

### *Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga*

Í einum umræðuhópnum var lögð rík áhersla á að menntamálaráðuneytið, sambandið og Kennarasambandið hefðu forystu um skipulagningu. Ættu þessir aðilar að semja verkáætlun í þessu skyni og liðka fyrir samstarfi við framhaldsskólana. Sambandið og ráðuneytið ættu svo að mynda stuðningsnet fyrir kennara með öflugri ráðgjöf.

Var nefnt í nokkrum umræðuhópum að ráðuneytið yrði að halda kynningar í sveitarfélögum fyrir skólafólk, skólanefndir, sveitarstjórn, foreldra og aðra. Einnig kom fram sú hugmynd að ráðuneytið ætti að gefa út bækling til almennings þar sem útskýrt væri á einfaldan hátt nýja nálgun og hugtök í nýjum lögum og aðalnámskrám. Að auki var nefnt að sniðugt væri ef ráðuneytið léti útbúa kynningarmyndbönd með hverjum grunnþætti fyrir sig, sem skólar og skólasamfélagið gætu síðan nýtt sér við kynningar og innleiðingu.

Fram kom hugmynd um að menntamálaráðuneytið ætti að fá Ríkisútvarpið til að útbúa þætti um nýja aðalnámskrá. Hugsanlega fá einhverja nemendur til að taka þátt í þeirri vinnu í gegnum kvikmyndaval.

Ráðuneytið og sambandið ættu að mennta skólanefndir/sveitarstjórnir í innleiðingu aðalnámskráa. Sambandið ætti einnig að gefa út yfirlit yfir sjóði sem er hægt að sækja í vegna innleiðingarinnar sem og það efni sem er nú þegar til staðar.

## 2. Þróunarverkefni

Hvetja til þróunarverkefna sem taka mið af ýmsum þáttum s.s. stærð, fjölda stofnana og fleira. Þróunarskólar eru einnig góð hugmynd sem á sér fordæmi í því sem áður hét móðurskóli eða forystuskóli.

## 3. Samvinna og samstarf skólastofnana

Töluvert var rætt um mikilvægi samvinnu og samstarfs skóla og sveitarfélaga. Lykilatriðið er að allir sem koma að þessum málum séu að tala sama tungumálið og skilji það eins svo sameiginleg sýn í skólamálum skili sér út í samfélagið. Hægt er að vinna að þessu í gegnum teymisvinnu milli skóla og skólastiga til að samræma sýn og skilning. Hver skóli yrði svo að vinna að innleiðingunni hjá sér miðað við þessa samræmdu sýn. Einn hópur velti því fyrir sér hvar framhaldskólarnir væru í þessari umræðu nú þegar ákveðin samfella er komin á milli leik- og grunnskóla.

## 4. Hömlur – vandamál

Hópstjórar voru beðnir um að reyna að halda umræðunni frá þessu atriði og einblína frekar á leiðir og lausnir en nokkrir punktar komu þó fram sem vert er að nefna.

Það atriði sem var oftast nefnt að gæti hindrað árangursríka innleiðingu voru fjármunir. Gerðu ráðstefnugestir sér fulla grein fyrir því að mörg sveitarfélög hafa litla fjármuni til ráðstöfunar en þeir töldu samt nauðsynlegt að koma til móts við skólasamfélagið, því ekki er hægt að vinna alla þessa vinnu innan vinnuramma kennara. Því þyrfti að leggja einhverja fjármuni í yfirvinnu. Í einum umræðuhópi var spurt hvort menn óttuðust að innleiðingin myndi stranda eða ganga hægt vegna skorts á fjármagni. Eftir nokkrar umræður voru menn sammála um að það virtist vera mismunandi eftir sveitarfélögum. Nauðsynlegt væri að forgangsraða verkefnum og virtust grunnskólastjórar fremur sjá fram úr þeim vanda heldur en leikskólastjórar þó það væri ekki einhlítt.

Einnig var nefnt að kjarasamningur grunnskólakennara hindri innleiðinguna þar sem þeir eru svo ósveigjanlegir. Að auki var talið að orðræða kennarasamfélagsins væri oft á tíðum fráhrindandi og því erfitt að fá foreldra og aðra í skólasamfélaginu að þessari vinnu.

Það að tíminn væri þröskuldur kom fram í mörgum hópum. Þar var bæði talað um tíma til að vinna saman milli skólastiga sem og innan hvers skóla. Fram kom að samráðstími í leikskólum er lítil og víða hefur hann dregist saman vegna ófaglærðra starfsmanna og annarra ástæðna. Leikskólar búa við aðrar aðstæður en grunnskólar þar sem leikskólabörn eru í 6-9 tíma í skólanum og í mörgum sveitarfélögum er búið að minnka yfirvinnu mikið sem og afleysingar.

Annar galli á innleiðingunni er að nú fer öll vinnan í innleiðingu námskránnar og allt annað situr á hakanum.

## 5. Tækifæri – Lokaorð

Mikil bjartsýni og jákvæðni ríkti í öllum hópunum og litu þeir á þetta verkefni sem einstakt tækifæri til að vinna saman að sameiginlegri sýn í menntun til framtíðar. Flestir hóparnir voru sammála um mikilvægi þess að menntamálaráðuneytið, sveitarfélög, háskólasamfélagið og kennarasamtökin tækju þátt í þessari vinnu með öflugri símenntun og upplýsingagjöf. Þá var þáttur barna/nemenda og foreldra í aðkomu að nýjum skólanámskrám ofarlega í huga fólks.

Ráðstefnugestir sáu tækifæri í þessum breytingum. Vildu menn meina að gott væri að setjast niður og fara í gegnum umræðuna um breytingarnar með sem flestum. Slík umræða gæti gert markmið skólanna skýrari, aukið samfellu milli leik- og grunnskóla og aukið flæði milli námsgreina.

## 6. Viðauki

Hér að framan er búið að telja upp það sem samhljómur var um í umræðuhópunum. En margar aðrar hugmyndir komu fram sem ekki allir nefndu. Hér að neðan verða aðrir athyglisverðir punktar taldir upp:

- Sú skoðun kom fram að í sumum smærri sveitarfélögum vantaði faglega forystu á sviðið skólamála. Skólastjórinn í skóla sveitarfélagsins sé stundum eini ráðgjafi sveitarstjórnarinnar um skólamálefni. Lausn á þessu vandamáli var talin fækkun og stækkun sveitarfélaga.
- Miðla kynningum á inntakinu víða og á fjölbreyttan hátt. Dæmi fimm mínútna Youtube myndir á vefinn, hvern grunnpátt á ísskápssegul alls 6 seglar á hvert heimili á landinu, nota nýja menntagátt og safna góðum hugmyndum saman.
- Samræmdir starfsdagar
- Skólarnir þurfa að marka sína sérstöðu
- Vandinn er ekki að búa til pappír heldur að fá alla til að kaupa nýja hugsun. Það tekur tíma. Það þarf að selja hugmyndirnar með því að kynna þær margsinnis á fjölbreyttan hátt.
- Huga vel að símenntun starfsmanna
- Opna á hvernig skólastarf er metið, mörg sóknarfæri þar
- Innleiðingin er tækifæri til sjálfskoðunar hvers skóla
- Hafa að leiðarljósi að hverjum nemenda líði eins og hann sé á vegferð, þar sem hann bætir sig.
- Sjá til þess að lágmarkskröfum/formsatriðum í skólastarfi sé framfylgt
- Kalla þarf til verkefnastjóra sem tekur þetta verkefni og vinnur að því að koma því áfram
- Rætt var um hvort ráða þyrfti sérstakan verkefnastjóra til að halda utan um verkefnið en það var ekki talið skynsamlegt þar sem þá yrði ábyrgðin að vissu leiti tekin af skólastjórnendum
- Innleiða þarf markmið sem getið er í skólastefnu sveitarfélaga þar sem öllum sem við kemur málaflokkurinn, hefur verið gefinn kostur á að tjá sig og koma með tillögur. Gefinn verði tími til umræðna og koma sem flestum í gang. Allir verða að vera í takt. Kynningarfundir og markviss umræða sem skili sér í skólastefnu sveitarfélaga.

- Viðhorf til "nýrra" og lýðræðislegra vinnubragða sem boðuð eru í nýjum lögum víða áskorun. Þarf að vinna með, ekki síst í minni sveitarfélögum.
- Ríkinu ber að kostnaðargreina lög og reglugerðir sem sett eru . Þarf að veita sveitarfélögum aukið fjármagn í innleiðinguna? Gera þarf þarfagreiningu hjá sveitarfélögum
- Upplýsingagjöf um góðar aðferðir
- Leita þarf að fyrirmyndum utan landsteinanna, skólum sem hafa náð sérstökum árangri og hægt er að læra af.
- Sérstaka áherslu þarf að leggja á starf kennara og nemenda í skólastofunni
- Námsefni þarf að vera í takt við nýja aðalnámskrá. Mikilvægt að rafrænt efni verði í boði
- Mikilvægt að þemaheftin verði skrifuð á mannamáli
- Önnur hindrun er viðmiðunarstundaskráin. Hún þarf að hafa meiri sveigjanleika. Athuga að námsgreinar eru ekki markmið, heldur leið að markmiði.
- Þéttara samfélag með velferð barna í huga
- Meiri samþætting náms
- Dæmi um að leikskólum sé lokað hluta dags vegna starfamannafunda og eru það veruleg óþægindi fyrir foreldra sérstaklega ef fjölga á þessum fundum
- Skoða grunnþættina í ljósi daglegra verkefna skóladagsins. Greina þaðan hversu vel er fyrir þeim séð og hvernig má gera betur. Jákvæðir starfsmenn hafa fullt af hugmyndum þegar eftir er leitað.
- Setja upp raunhæfa tímaáætlun sem tekur mið af aðstæðum
- Jákvætt viðhorf
- Fagleg ábyrgð skólastjóra skýr
- Gott að hafa í hendi sér leiðavísi þrep fyrir þrep svo það sé hægt að byrja að vinna með það sem þarf að vera til staðar til að koma barni til manns. Það þarf heilt samfélag til að skapa góðan samfélagsþegn
- Lögð verði áhersla á að megináherslur aðalnámskrár komist inn í skólastefnu hvers sveitarfélags
- Ekki gleyma sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum, tryggja að þeir séu með öðrum leik og - grunnskólum í sveitarfélagin í þessari vinnu.
- Fólk bíður eftir frekar upplýsingum um hvernig áherslur eru lagðar, þ.e. Er verið að leggja áherslu á námsgreinar eða leiðir?
- Talið erfiðara að fara í breytingar á unglíngastigi því þar eru menn svo fókuseraðir á námsgreinar.
- Huga að fjarfundarbúnaði og upptökum sem unnt er að sækja á netið
- Leggja þarf áherslu á launsamiðaða hugsun
- Bent var á að innleiðingin má taka þrjú ár og er hægt að gera heilmikið á þeim tíma enda er ný aðalnámskrá ekki að umturna öllu. T.d. geta skólar á sama svæði skipt með sér vinnu í grunnþættina, bæði leikskólar og grunnskólar. Með slíkri hugsun sem nær jafnvel út fyrir sveitarfélagamörkin er hægt að ná fram samlegðaráhrifum.
- Þurfum að gera meira af því að skipuleggja sameiginlega skipulags- og undirbúningsdaga, einnig símenntun. Ef við hugsum þetta í stærri heildum næst oft fram sparnaður og meiri afköst í faglegu starfi
- Stefna hvers sveitarfélags ætti að vera með þær áherslur að skólastjórnendur komist ekki hjá því að vinna saman.
- Menntagátt með gögnum gæti hjálpað okkur þá erum við ekki alltaf að finna upp hjólið
- Farvegur fyrir nemendur til að hafa áhrif
- Krakkarnir eru tilbúnir í lýðræðið - fullorðna fólkið þarf að hætta að skipuleggja - átta sig á að þannig verður vinnan auðveldari
- Vinna með áhugasvið nemandans

- Sveigjanleiki
- Kynning á jákvæðu starfi skólanna. Innleiða aðalnámskrá - þættir á borð við Landann og Andra á flandri, ein uppökuvél og einn bíll, maður við stýrið
- Halda þarf endurmenntunardaga með utanaðkomandi aðilum með sérþekkingu á innleiðingunni
- Safna má öllum starfsdögum (leikskóla) og taka út í lotu í tengslum við starfsdaga í grunnskólum í ágúst og helga þá innleiðingu námskráa.
- Ábyrgðin er sveitarfélaganna og það þarf að gera sveitarstjórnarmenn ábyrga fyrir innleiðingunni
- Varast skal að taka af tíma nemenda varðandi innleiðingu
- Auka þarf tíma skólastjóra með kennurum
- Stofna þarf einingarbært nám á háskólastigi í námskrárgerð og innleiðingu námskrár
- Passa þarf upp á að glata ekki "sýninni" sem kemur fram í námskrá í smáatriðum
- Hugsa þarf fyrir mati - hvernig það skal framkvæmt og hvað á að mæta. Tryggja þarf samræmi milli skóla og svæða
- Starfsfólk hafi skólaárið til að lesa námskrárnar. Leshringir. Ár í vinnu og gerjun
- Þetta er þróunarverkefni og þróunarstjóra þarf í alla skóla
- Setja upp samskiptavef þar sem tveir eða fleiri skólar gætu átt samstarf
- Setja þarf langtíma markmið með innleiðingunni ekki minn en 6 ár jafnvel 10. Hugsa þetta sem langhlaup
- Bent var á að foreldrar vilji halda í allt það gamla, íhaldssamt viðhorf til náms
- Aðalnámskrá er spennandi tæki sem getur hjálpað okkur að gera skólana framsæknari, efla lýðræðishugsun og fá börnin, foreldra og ungu kynslóðina til að vera virkari
- Vantar að grunnskólinn byggi á því sem búið er í leikskólum. Of mikil endurtekning, sérstaklega í fyrsta bekk
- Af hverju ekki að hugsa viku í 6-7 daga í stað 5, það hefur gefist vel. Hafa það þannig að kennsla falli ekki alltaf niður á fimmtudögum þótt þeir séu oft almennir frídagar. Hoppum yfir og keyrum stundatöflu sem átti að vera þennan dag.
- Skoða hvernig Svíar hafa gert, nýta vídeó, ýmis fræðsla sem snýr að innleiðingu að nýrri aðalnámskrá
- Í skóla án aðgreiningar þarf fleiri sérfræðinga inn í skólana og þverfaglegri vinnu
- Ný kennaramenntun þarf að taka mið af nýrri menntastefnu
- Þjóða uppá markvissa endurmenntun
- Standa vörð um að niðurskurður bitni sem minnst á skólunum
- Þróa námsefni og nýja kennsluhætti, breytt námsmat og koma þróunarverkefnum af stað
- Þróa góðar matsaðferðir til að átta sig á hvernig starfið er í dag og hverju þarf að breyta og bæta til að innleiða nýja námskrá
- Það er samfélagslegt verkefni að bera virðingu fyrir kennurum og skólastarfi
- Taka þarf tillit til mismunandi aðstæðna í skólum
- Vinna og ábyrgð skólastjóra er mikil á rekstrarlega þáttinn. Hafa ekki sömu möguleika og áður í faglegt starf. Mikilvægt að hann sé faglegur leiðtogi
- Nýta þetta jákvæða viðhorf meðan það varir